



Erindisbréf notendaráðs fatlaðs fólks á Vestfjörðum

1. gr.

Stjórnskipuleg staða

Notendaráð fatlaðs fólks á Vestfjörðum heyrir undir velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar, sbr. og 15. gr. samnings um Velferðarþjónustu Vestfjarða.

Deildarstjóri í málefnum fatlaðra á velferðarsviði Ísafjarðarbæjar er starfsmaður notendaráðsins, en auk þess starfar með ráðinu sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar, auk annarra starfsmanna eftir atvikum.

Bæjarstjórar aðildarsveitarfélaga Velferðarþjónustu Vestfjarða eiga rétt til fundarsetu með mál-frelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi ráðsins sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmenn aðildarsveitarfélaga samnings um Velferðarþjónustu Vestfjarða skulu sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað.

2. gr.

Skipan nefndarinnar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skipar átta fulltrúa og jafn marga til vara í notendaráð um málefni fatlaðs fólks samkvæmt þeim tilnefningum sem á eftir greinir:

- Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- Bæjarstjórn Vesturbyggðar skipar einn fulltrúa og einn til vara.
- Bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- Strandabyggð og Reykhólahreppur tilefna sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara.
- Hagsmunasamtök fólks með fötlun á Vestfjörðum tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara.
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar kýs formann og varaformann ráðsins.

Kjósa skal í ráðið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar, eða við stofnun ráðsins, og er kjörtímabilið hið sama og bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

3. gr.

Hlutverk og verkefni

Hlutverk notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórnir um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd hennar og þróun. Notendaráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og sveitarstjórna um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk og er þeim og fastanefndum þeirra til ráðgjafar í þeim efnum.

Markmiðið með starfi notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er að gera fólki með fötlun kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustu sem það varðar, svo og öðrum hagsmunamálum sínum á þjónustusvæðinu.

Meðal verkefna notendaráðs um málefni fatlaðs fólks er:

- Vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir og hlutaðeigandi stofnanir þjónustusvæðisins um hugmyndafræði og stefnumótun í málefnum fólks með fötlun, sbr. 8. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Fylgjast með framkvæmd þjónustu við fólk með fötlun á þjónustusvæðinu í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga, sbr. 42. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Koma á framfæri hugmyndum, tillögum og ábendingum um inntak og tilhögun þjónustu við fólk með fötlun á þjónustusvæðinu, og ábendingum um gerð reglna um þjónustu.
- Veita viðeigandi ráðuneyti umsögn um þjónustu sem félagasamtök, sjálfeignarstofnanir og aðrir þjónustu- og rekstraraðilar hyggjast veita samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Notendaráðið fjallar ekki um málefni einstaklinga.

4. gr.

Starfshættir

Notendaráð um málefni fatlaðs fólks kemur saman fyrir luktum dyrum, að jafnaði þrisvar sinnum á ári, auk þess sem bæjarstjórn boðar ráðið til fundar, einu sinni á ári að hausti, þar sem ráðið getur komið sínum áherslum á framfæri. Aukafundi skal halda ef a.m.k. fjórir nefndarmenn óska þess.

Fundir ráðsins skulu ýmist haldnir sem staðfundir eða með rafrænum hætti.

Deildarstjóri í málefnum fatlaðra á velferðarsviði Ísafjarðarbæjar er starfsmaður og ritari notendaráðsins, en nefndin getur auk þess ráðið sér fundarritara í hans forföllum. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. ákvæði í 16. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Starfsmaður notendaráðsins sér um undirbúning og boðun funda í samráði við formann nefndarinnar. Fundarboðun skal vera með rafrænum hætti og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð, ásamt gögnum sem fyrir liggja um þau mál sem taka á fyrir, skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einni viku fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar og sér um að allt fari löglega fram á fundum þess. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Fundargerðir notendaráðs um málefni fatlaðs fólks eru lagðar fram til kynningar fyrir velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar.

5. gr

Réttindi og skyldur

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Fulltrúa er skylt að boða varmann í forföllum sínum og tilkynna það starfsmanni nefndar.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til starfsmann nefndarinnar fyrir fundarboðun.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir notendaráðið og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

6. gr.

Þóknun fyrir fundarsetu

Fulltrúar skipaðir af hálfu sveitarfélaganna og fulltrúar skipaðir af hálfu Hagsmunasamtaka fólks með fötlun á Vestfjörðum skulu fá greitt fyrir fundarsetu, fyrir allt að fjóra fundi á ári.

Þóknun fulltrúa tekur mið af reglum Ísafjarðarbæjar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa á hverjum tíma, sbr. og viðauka I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

7. gr.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal notendaráðið taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið þess gilda hverju sinni.

Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

8. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 18. desember 2025 og tekur þegar gildi.

Ísafirði, 15. janúar 2026

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri